

**36. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,  
8. október 2018 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Einir Steinn Björnsson (ESB), Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH),  
Aðalsteinn Magnússon (AM) og Jóhann Birkir Helgason (JBH).

**Fundargerð ritaði:** Jóhann Birkir Helgason (JBH).

Einnig sat fundinn Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri.

**Dagskrá:**

Einir Steinn Björnsson víkur af fundi undir þessum lið.

**1. Umsókn: um stöðuleyfi - 1809031**

Tekið fyrir erindi frá Eini Stein Björnssyni dags. 17. september 2018 þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir 20 feta gám í Hrafnadal.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gám til samræmis við umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir stöðuleyfi á skipulögðu geymslusvæði er kr. 15.000,- pr. gám.*

Einir Steinn Björnsson kemur inn á fund.

Aðalsteinn Magnússon víkur af fundi undir þessum lið.

**2. Umsókn: um stöðuleyfi - 1809032**

Tekið fyrir erindi frá Nirði ehf. dags. 14. september 2018 þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir fjóra gáma sem hýsa beitningaskúra við Hafnargötu.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gáma til samræmis um umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir endurnýjun stöðuleyfis utan skipulags geymslusvæðis er kr. 50.000,- pr. gám.*

Aðalsteinn Magnússon kemur inn á fund.

**3. Umsókn: um stöðuleyfi - 1809022**

Tekið fyrir erindi frá Tungusilungi dags. 10. september 2018 þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir þrjá gáma. 1 gám við Keldeyri undir rafstöð og tvo gáma fyrir seiðaði við Þórsberg.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gáma til samræmis um umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir endurnýjun stöðuleyfis utan skipulags geymslusvæðis er kr. 50.000,- pr. gám.*

Aðalsteinn Magnússon víkur af fundi undir þessum lið.

**4. Stöðuleyfi - 1810016**

Tekið fyrir erindi frá Allt í járnum ehf dags. 4. október 2018 þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir salttjaldi sem staðsett er við höfnina á Tálknafirði. Jafnframt er óskað eftir að fá úthlutað lóð undir tjaldið upp í Hrafnadal fyrir neðan þurrkjall sem er í eigu Þórsbergs ehf.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gáma til*

*samræmis um umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir stöðuleyfi utan skipulags geymslusvæðis er kr. 40.000,- pr. gám.  
Deiliskipulag er ekki í gildi fyrir Hrafnadal og því er úthlutun lóðar frestað.*

Aðalsteinn Magnússon kemur inn á fund.

#### **5. Umsókn um stöðuleyfi, Norður-Botn II - 1810021**

Tekið fyrir erindi frá Arctic Smolt dags. 8. október 2018 þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir sex gáma til að leysa tímabundna þörf á geymslum og starfsmannaáðstöðu við Norður-Botn II. Jafnframt er óskað eftir stöðuleyfi fyrir fimm gáma á geymslusvæði Arctic Smolt frammi í Botnsdal.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gáma til samræmis um umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir stöðuleyfi utan skipulags geymslusvæðis er kr. 50.000,- pr. gám.*

#### **6. Umsókn um byggingarleyfi fyrir varaaflstöð og tvö setker - 1809037**

Tekin fyrir erindi frá Neil Shiran Þórissyni dags 15. júní 2018 fh. Arctic Smolt þar sem sótt er um byggingarleyfi fyrir varaaflstöð austan við H3 ásamt uppsetningu settjarna skv. teikningum frá Tækniþjónustu Vestfjarða.

*Umsóknin samrýmist deiliskipulagi svæðisins. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið. Byggingarfulltrúa falið að ganga frá málinu.*

#### **7. Deiliskipulag. Lóð undir fiskeldi og seiðisstöð. - 1712032**

Tekið fyrir erindi Tungusilungs dags 2. október 2018 þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir athafnasvæði fisk- og seiðiseldis í landi Innstu Tungu. Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir nýjan aðkomuveg, landfyllingu fyrir væntanlegt seiðiseldishús, nýtt ker, settjarnir og vatnslagnir.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita Tungusilungi framkvæmdaleyfi fyrir jarðvegsvinnu landfyllingar og aðkomuvegi enda er umsóknin í samræmi við samþykkt deiliskipulag. Nefndin bendir á að tenging við þjóðveg skal vinna í samvinnu við Vegagerðina.*

#### **8. Óleyfisframkvæmd - steyptur sökkull. - 1702003**

Tekið fyrir minnisblað byggingarfulltrúa dags. 19. september 2018 er varðar óleyfisframkvæmd við Eysteinseyra og Gileyri. Fyrir liggja breytt landamerki á milli lóðanna Gileyri laxeldi og Eysteinseyrar/laxeldi unnið af hugsjón dags. 5. janúar 2018. Undirritað af eigendum dags. 13. febrúar 2018.

*Búið er að gera þær ráðstafanir sem byggingarfulltrúi lagði fram í bréfi sínu þann 17. febrúar 2017 og 30. janúar 2018. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd telur því málinu lokið.*

#### **9. Gileyri/Eysteinseyri - Breyting á deiliskipulagi - 1702061**

Tekið fyrir erindi frá Bæjarvík dags. 13. ágúst 2018 þar sem sótt er um breytingu á deiliskipulagi vegna stækkunar á byggingarreit og breyttri vegtengingu við þjóðveg. Erindinu fylgir tillaga að breyttu deiliskipulagi frá Hugsjón dags. 7. október 2018.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan verði auglýst.*

#### **11. Vatn - Ósk um tengingu ferskvatns - 1807024**

Tekið fyrir erindi frá Jón Erni Pálssyni dags. 17. júlí 2018 þar sem óskað er eftir að Tálknafjarðarhreppur leggi vatnslögn inn í hestúsið við Hrafnadalssveg 41.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd vísar málinu til sveitarstjórnar.*

**12. Fráveita: við smábátahöfn - 1809030**

Tekið fyrir að nýju erindi frá síðasta fundi nefndarinnar er varðar fráveitumál við smábátahöfn. Erindið var tekið fyrir á 530 fundi sveitarstjórnar þann 13. september 2018 þar sem erindinu var vísað til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar árið 2019.

*Lagt fram til kynningar.*

**13. Breyting : lögum og upprifjun á hlutverki stofnunarinnar - 1808025**

Tekið fyrir erindi frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands dags. 21. ágúst 2018 þar sem kynnt er breyting á lögum og upprifjun á hlutverki stofnunarinnar.

*Lagt fram til kynningar.*

**10. Endurbygging á vatnsinntaki í Höfðadal - 1810005**

Tekið fyrir erindi Byrni Magnúsi Magnússyni fh. Bæjarvík ehf. dags. 1. október 2018 þar kynnt eru áform fyrirtækisins við endurgerð á stíflu í ánni Höfðadal gengt Gileyri, Tálknafirði.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við framkvæmdina en áréttir að framkvæmdin sé gerð í samráði við landeigendur.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:05.**

---

Einir Steinn Björnsson (ESB)

---

Benedikt Davíð Hreggviðsson  
(BDH)

---

Aðalsteinn Magnússon (AM)

---

Jóhann Birkir Helgason (JBH)

---

Bryndís Sigurðardóttir (BS)